


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árshelmingi 2013

Rekstur	Samstæða 2013	Samstæða 2012	Samstæða 2011	Samstæða 2010	Samstæða 2009
Fjárhæðir í mkr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur	5.351,2	4.924,8	4.397,3	4.065,8	3.684,4
Aðrar tekjur	14,4	22,6	30,7	21,7	23,3
Vöru- og umbúðanotkun	(3.080,2)	(2.899,1)	(2.515,6)	(2.397,5)	(2.176,1)
Laun og tengd gjöld	(980,7)	(880,2)	(782,7)	(757,8)	(713,8)
Annar rekstrarkostnaður	(780,9)	(696,7)	(661,9)	(592,4)	(543,0)
Afskriftir	(144,2)	(143,2)	(145,4)	(135,9)	(153,4)
Rekstrarhagnaður	379,6	328,2	322,4	203,9	121,4
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	10,1	16,7	20,1	2,2	20,6
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(105,2)	(149,6)	804,2	(13,0)	(187,8)
Hagn. (tap) fyrir skatta	284,5	195,3	1.146,7	193,1	(45,8)
Tekjuskattur	(54,9)	(35,7)	(225,3)	0,0	0,0
Hagnaður (tap) tímabilsins	229,6	159,6	921,4	193,1	(45,8)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	518,9	469,4	467,1	339,3	274,8
Efnahagur	30.06.13	30.06.12	30.06.11	30.06.10	30.06.09
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	3.547,9	3.492,6	3.540,7	3.683,9	3.841,1
Veltufjármunir	3.244,5	2.571,5	2.382,0	2.208,0	2.335,1
Eignir samtals	6.792,4	6.064,1	5.922,7	5.891,9	6.176,2
Eigið fé	3.338,5	2.831,3	2.448,5	1.573,4	956,7
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	477,8	458,0	427,1	434,6	435,8
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.310,0	2.431,9	2.471,3	2.904,8	3.853,4
Skammttímaskuldir	1.143,9	800,9	1.002,9	1.413,7	1.366,1
Skuldir samtals	3.453,9	3.232,8	3.474,2	4.318,5	5.219,5
Eigið fé og skuldir samtals	6.792,4	6.064,1	5.922,7	5.891,9	6.176,2
Kennitölur					
EBITDA	523,8	471,4	467,8	339,8	274,8
Innra virði	7,0	6,2	5,7	3,6	2,2
Veltufjárhlutfall	2,8	3,2	2,4	1,6	1,7
Eiginfjárhlutfall	49%	47%	41%	27%	15%



Reykjavík, 22. ágúst 2013.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma á fyrri árshelmingi 2013

- **Tekjur á fyrri árshelmingi 5.351 mkr. og aukast um 9% milli ára.**
- **230 mkr. hagnaður á fyrri árshelmingi ársins en 160 mkr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 524 mkr. en 471 mkr. árið áður.**
- **Eigið fé 3.339 mkr. í lok júní og eiginfjárlutfall 49%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjagarði hf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2013 var 230 mkr. Á sama tímabili árið áður var 160 mkr. hagnaður. Eigið fé Sláturfélagsins er 3.339 mkr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 5.351 mkr. á fyrri árshelmingi ársins 2013, en 4.925 mkr. á sama tíma árið áður og hækka því um 9%. Aðrar tekjur voru 14 mkr en 23 mkr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.080 mkr. en 2.899 mkr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um rúm 11%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um 12% og afskriftir hækkuðu um tæpt 1%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 380 mkr., en 328 mkr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 524 mkr. en var 471 mkr. á sama tíma í fyrra.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 10 mkr. en árið áður um 17 mkr. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 105 mkr., en voru 150 mkr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 55 mkr., en 36 mkr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 230 mkr. en 160 mkr. á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 519 mkr. á fyrri árshelmingi ársins 2013, samanborið við 469 mkr. fyrir sama tímabil árið 2012. Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 6.792 mkr. og eiginfjárlutfall 49%. Veltufjárlutfall var 2,8 á fyrri hluta ársins 2013, en 3,2 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri árshelmingi 2013 fyrir 183 mkr. en 148 mkr. á sama tímabili árið áður. Seldar voru eignir fyrir 10 mkr. Á fyrri árshelmingi hófust framkvæmdir við stækkun starfstöðvar félagsins á Selfossi en þar er m.a. slátur- og frystihús félagsins.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2013 var í aprílmánuði greiddur 14,5% arður af B-deild stofnsjóðs alls 26 mkr. og reiknaðir 7% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 20 mkr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Sláturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2013 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2013 þann 18. febrúar 2014.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 49% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,8. Langtímatímaskuldir í lok júní 2013 voru 2.018 mkr. og skuldahlutfall því um 2 að teknu tilliti til EBITDA afkomu félagsins. Næsta árs afborganir eru um 88 mkr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma sem tryggir lága árlega greiðslubyrði.

Innanlandssala á kjöti fer hægt vaxandi. Aðstæður á erlendum mörkuðum eru misjafnar fyrir lambakjöt og enn ríkir nokkur óvissa með afsetningu á hluta afurða sem falla til í haust.



Bætt rekstrarskilyrði á síðastliðnum árum, öflug vöruþróun og markaðssókn hafa styrkt afkomu kjötiðnaðar. Staða lykilvörumerkja félagsins í kjötiðnaði er afar sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Gert er ráð fyrir að á síðari árshelmingi hægi á afkomubata kjötiðnaðar einkum vegna hærra innkaupsverðs á aðföngum.

Matvöruhluti innflutningsdeildar stendur vel. Með nýjum viðskiptasamböndum hefur vöruúrval verið aukið til áframhaldandi vaxtar. Búvöruhluti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði fyrir helstu rekstrarvörur bænda. Sala á Yara áburði til bænda gekk vel á fyrri hluta ársins og sala á dlg kjarnfóðri og öðrum rekstrarvörum eykst stöðugt. Framkvæmdir við byggingu á nýju vöruhúsi í Þorlákshöfn undir starfsemi búvöruhluta innflutningsdeildar hefjast fljótlega og áætlað að framkvæmdum verði lokið fyrir áramót.

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is